

SOLID CLOUDS

AÐALFUNDUR 25. MAÍ 2022

Aðalfundur Solid Clouds hf. verður haldinn kl. 16.00, miðvikudaginn 25. maí 2022, í aðalsal Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
3. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
4. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
5. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
6. Tillaga um breytingu á samþykktum til að heimila hækkun hlutfjár vegna kaupréttarsamninga
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
8. Kjör endurskoðanda félagsins
9. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
10. Önnur mál
- 10.1. Kynning á nýjasta leik félagsins, Starborne Frontiers

Dagskrá fundarins, tilhögur og fundargögn, þ.á.m. tillögur stjórnar, verða aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/agm2022>.

Að lokinni dagskrá fundarins verður boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum Arion banka.

Þeim hluthöfum sem vilja fylgjast með fundinum gegnum streymi þurfa að senda tölvupóst fyrir klukkan 12.00 miðvikudaginn 25. maí á netfangið investors@solidclouds.com og tilgreina þar nafn, kennitölu og netfang. Hluthafar munu fá sendan hlekk á fundinn sem verður aðgengilegur á vefsetri Solid Clouds. Ekki verður boðið upp á rafrænar atkvæðagreiðslur á fundinum en þeir hluthafar sem fylgjast með honum gegnum streymi geta sent umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmenn skulu hafa skriflegt og undirritað umboð frá viðkomandi hluthafa til að geta farið með atkvæði hans.

Hluthafar og umboðsmenn þeirra geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi. Hluthöfum er unnt að forskrá sig og eftir atvikum umboðsmann sinn til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu og eftir atvikum útfyllt umboðseyðublað á netfangið investors@solidclouds.com.

Til þess að tillögur frá hluthafa, sem leggja á fyrir á fundinum, verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins með nægilegum fyrirvara svo unnt verði að taka málið á dagskrá, þó í síðasta lagi 5 dögum fyrir fundinn, gegnum netfangið investors@solidclouds.com.

Tillögur stjórnar Solid Clouds hf.;

1. Tillaga um fundarstjóra

Stjórn Solid Clouds hf leggur til að Höskuldur Þórhallsson, lögmaður, verði kosinn fundarstjóri fundarins.

3. Ársreikningur

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

4. Arður

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.

5. Starfskjarastefna

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt. Finna má starfskjarastefnu á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/agm2022>

6. Tillaga um breytingu á samþykktum til að heimila hækkun hlutfjár vegna kaupréttarsamninga

Stjórn Solid Clouds hf. leggur fram eftirfarandi tillögu um hækkun á heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár vegna kaupréttarsamninga og að settur verði gildistími. Tillagan felur í sér uppfærslu á núgildandi 3. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins að því er varðar nafnverð og gildistíma með þeim hætti að heimildin hækki um kr. 2.500.000 að nafnverði og að heimildin falli niður þann 25. maí 2027. Verði tillagan samþykkt verður 3. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins með eftirfarandi hætti:

“Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkun hlutfjár um allt að kr. 11.314.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í einu lagi eða í áföngum. Heimild þessa má einungis nota í tengslum við efnidir kaupréttarsamninga við starfsmenn og verktaka félagsins. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hlutum sem gefnir eru út samkvæmt heimild þessari. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá þeim degi sem þeir eru afhentir starfsmanni eða verktaka skv. skilmálum kaupréttarsamnings. Heimildin fellur niður þann 25. maí 2027, að því leyti sem hún er þá ónýtt.“

Verði tillagan samþykkt, verður ensk þýðing samþykktanna uppfærð til samræmis og birt á heimasíðu félagsins samhliða skráningu uppfærðra samþykktu.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu með skriflegum hætti tilkynna stjórn félagsins um framboð á netfangið investors@solidclouds.com eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Í tilkynningu skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu félagsins og vefsetri félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

8. Kjör endurskoðenda félagsins

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að Deloitte ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

9. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda

Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2022 verði þannig að þóknun stjórnarformanns verði áfram 400.000 kr. Laun annara aðalmanna verði 100.000 kr. og laun varamanna 50.000 kr. Ekki er greitt fyrir önnur stjórnar- eða nefndarstörf.

Seltjarnarnes, 10. maí 2022

F.h. stjórnar Solid Clouds hf

Sigurlína Ingvarsdóttir
stjórnarformaður